

## Lög

Nr. 50.  
3. nóv.

um

breyting á lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn  
í Ísafjarðarkaupstað.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

1. gr.

Hinir kjörnu bæjarfulltrúar skulu vera 9 að tölu, kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

2. gr.

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru 25 ára að aldri, þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkad mannorð, eru fjár síns ráðandi, eru ekki öðrum háðir sem hjú, og standa eigi í skuld fyrir sveitarstyrk, ef þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs. Konur kjósenda hafa kosningarrjett, þótt þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins, og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð, ef þær að öðru leyti fullnægja áðurgreindum skilyrðum fyrir kosningarrjetti. Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefur. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, heldur eigi foreldrar og börn nje móðurforeldrar, eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er konum jafnan að skorast undan kosningu.

3. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til 3 ára, þriðjungur árlega. Árið 1916 skulu þó fulltrúarnir kosnir fullri tölu; fer einn þriðjungur þeirra frá eftir 1 ár, samkvæmt hlutkesti, og annar þriðjungur eftir 2 ár. Fari fulltrúi af öðrum ástæðum frá á kjörtímabilinu, skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

4. gr.

Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður barnaskólaneftdarinnar sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

5. gr.

Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd; skal annar þeirra ávalt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa. Auka má tölu þessa um helming.

Nr. 50.

6. gr.

3. nóv.

Gjaldkeri skal, að minsta kosti í eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni, bæði hvað goldist hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Oddviti ávísar útgjöldum og skulu þau áður samþykkt af fulltrúa þeim eða nefndarmanni, er þau eiga undir.

7. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógetanum fyrir lok janúar-mánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt í 22. gr. laga nr. 23, 8. okt. 1883 um niðurjöfnunina. Yfirskoðunarmenn bæjarreikninganna sjeu tveir, kosnir af bæjarbúum, er kosningarrjett hafa samkvæmt 2. gr. Þeir hafa starf það á hendi í 3 ár, og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Yfirskoðunarmenn skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar, frá því þeir fengu hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum þeirra, en það skal hann hafa gert innan hálf mánaðar, skal leggja reikningnum ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanna og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (6. grein). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágríp af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágríp það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 4., 5., 6., 14., 16., 26. og 30. gr. laga 8. október 1883, um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 3. nóvember 1915.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*